

Leiðbeiningarnar eru til stuðnings vinnulýsingu um framleiðsluleyfi fyrir sérmarkaði ([VLY-047](#)).

Kröfur

Fyrirtæki sem óska eftir að flytja fisk og fiskafurðir til Brasilíu þurfa að láta skrá sig hjá þarlandum yfirvöldum. Umsókn um skráningu þarf að senda gegnum utanríkisþjónustuna.

Þegar fyrirtækið er komið á listann þarf það að sækja rafrænt um skráningu afurða og merkingar vegna útflutnings til Brasilíu.

Öllum sendingum til Brasilíu þarf að fylgja opinbert heilbrigðisvottorð.

Umsóknar- og tilkynningarferli

1. Fyrirtæki sendir umsókn í Þjónustugátt MAST um leyfi til að flytja íslenskar fiskafurðir á Brasilíumarkað.
Sjá: <https://umsokn.mast.is/>
2. Ábyrgðarmaður málsins á Matvælastofnun fyllir út umsóknarblað og útbýr bréf til yfirvalda í Brasilíu þar sem mælt er með að fyrirtækið fái leyfi til að flytja fiskafurðir til Brasilíu. Sjá *Umsóknarbréf Brasilía* í stöðluðum texta í málaskrá OneCRM. *Umsóknarblað um skráningu á lista* og um breytingu á skráningu á lista er vistað á sameiginlegu drifi Matvælastofnunar.

Sjá: [S:\Sérmarkaðir\Brazilía\Form -eyðublöð- bref](#)

3. Ábyrgðarmaður máls skannar bréfið og útfyllt umsóknarblaðið og sendir í tölvupósti til sendifulltrúa viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins sem sendir skjölin áfram til yfirvalda í Brasilíu. Umsóknarblaðið er sent bæði sem Excel skjal og sem pdf skjal.
4. Ábyrgðarmaður máls upplýsir fyrirtækið um að umsóknarbréf hafi verið sent til Brasilíu og sendir því slóðina á brasilíska listann yfir fyrirtæki sem hafa útflutningsleyfi til Brasilíu, svo fyrirtækið geti séð hvort og hvenær það er sett á listann.

[Hlekkur](#) á brasilíska listann.

5. Ábyrgðarmaður máls sendir fyrirtækinu **Leiðbeiningar um skráningu afurða og merkingar vegna útflutnings til Brasilíu**.

Sjá: [S:\Sérmarkaðir\Brazilía\Form -eyðublöð- bref](#)

6. Ábyrgðarmaður máls uppfærir listann fyrir Brasilíu á heimasíðu stofnunarinnar undir sérleyfismarkaðir þegar fyrirtækið hefur verið sett á listann í Brasilíu.

Sjá: <https://skyrslur.mast.is/additionally>

7. Þegar fyrirtækið er komið á listann þarf það sjálf að sækja rafrænt um skráningu afurða og merkingar hjá DIPOA í Brasilíu vegna útflutnings til Brasilíu. Við þessa skráningu er ráðlegt að fyrirtæki leiti aðstoðar innflytjanda afurðanna í Brasilíu eða annars ráðgjafa.